



Pórshöfn 11.12,2025

Tillaga til sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að semja við Leigufélagið Brák um byggingu fjögurra íbúða raðhúss á Pórshöfn. Til greina kemur að byggja hús með tveimur tveggja herbergja íbúðum og tveimur þriggja herbergja íbúðum.

Helst er horft til Miðholts við hlið íbúða aldraðra sem yrði þá Miðholt 12-18. Stofnvirði slíks verkefnis er útreiknað 204.196.180.- Stofnframlag sveitarfélagsins yrði 24.503.542.- og frá dragast gatnagerðargjöld, og önnur opinber gjöld til sveitarfélagsins þannig að nettóframlag sveitarfélagsins yrði 11.473.613.-

Um þetta verkefni á eftir að fjalla í skipulags- og umhverfisnefnd varðandi skipulagsbreytingu og lóð ef sú sem hér er bent á þykir hentug til þessa verkefnis.

Þegar og ef samningar takast mun sveitarstjóri leggja fyrir sveitarstjórn öll gögn er varða byggingu slíkra leiguíbúða. Umsókn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hefur þegar verið samþykkt en leigufélagið Brák sótti um framlag til ríkisins áður en umsóknarfrestur rann út þann 4. nóvember s.l. Umsóknarfrestur var mjög stuttur og því var notað tækifæri til að sækja um áður en hann rann út. Umsóknin er ekki bindandi.

Eins varðandi Miðholt 21 – 27 mun Leigufélagið Brák eiga íbúðirnar, leigja þær út á kostnaðarverði, sjá um viðhald og greiða af því fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Hér er einungis óskað eftir heimild til að semja við leigufélagið en ef af verður verða íbúðirnar tilbúnar haustið 2006.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri.